



Ársskýrsla 2020

FRÁ FRAMKVÆMDARSTJÓRA

Efnisyfirlit

STARFSEMI	1
TÖLULEGAR STAÐREYNDIR	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
INNANLANDS	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
VETTUVANGSHEIMSÓKNIR OG GJAFIR	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
BANGLADESS	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
BÚRKÍNA FASÓ	1
FILIPPSEYJAR	3
INDLAND	4
KENÝA	5
PAKISTAN.....	6
ÚGANDA.....	7
SAFNANIR Á ÁRINU	8
UPPGJÖR SENT Á VETTUVANG 2020	1
UPPGJÖR FRÁ KPMG ENDURSKOÐANDA	1
ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA	1
REKSTRAREIKNINGUR ÁRSINS 2020	2
EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2020	3
TAKK FYRIR OKKUR !	4

Starfsemi

Árið 2020 var einstakt og hefur heimsbyggðin öll ekki farið varhluta af heimsfaraldrinum sem enn geisar. Hefur hann haft mikil áhrif á líf og skólagöngu barna víðsvegar um heim, en þó er það mismunandi eftir löndum. Starfsemi ABC barnahjálpar hefur haldið velli í gegnum árin og staðið trúföst við bakið á þúsundum barna og gefið þeim tækifæri til menntunar. Þökk sé dyggum hópi íslenskra stuðningsaðila, sem rekur iðnskóla, í þeim sjö löndum Bangladess, Búrkína Fasó, Kenýa, Pakistan og barnahjálpar á Íslandi fjármagnaður með á Nytjamarkaði ABC, rekstrarsjóð svo og skipulagðar fjáraflanir, börnum“ og baukasöfnun tónleikahaldi var frestað í tvær símasafnanir, annars neyðaraðstoð og hins vegar til að fjarkennslu og tölvukennslu á vettvangi. fremst um að veita fátækum börnum menntun og þar með tækifæri til betri framtíðar.



ABC skóla, allt frá leikskólastigi til sem starfsemin er í dag þ.e. Filippseyjar, Indland, Úganda. Rekstur ABC er að mestu ágóða af sölu varningsfrjálsum framlögum í annarra gjafa. Allar eins og „Börn hjálpa í verzlunum sem og ár. Þess í stað var farið í vegar fyrir Covid-19 setja upp tölvuver til að bæta Starf ABC barnahjálpar snýst fyrst og

Tölulegar staðreyndir

Börn sem höfðu fengið stuðning frá ABC voru tæplega 4000 talsins í árslok 2020, sem er svipaður fjöldi og á árinu áður.

- Í Bangladess eru 540 börn í skóla og þar af eru 400 studd af ABC og búa þau öll á heimavistinni, sem heitir Home of Peace.
- Í Búrkína Fasó stunduðu 814 börn nám á árinu og þar af eru 721 studd af íslenskum stuðningsaðilum.
- Á Filippseyjum stunduðu 500 börn nám á árinu, allt frá leikskólastigi til háskólanáms með stuðningi ABC en þar byrjaði ABC að styðja börn til náms fyrir um 30 árum síðan.
- Á Indlandi hefur ABC stutt lítinn skóla í fátækrahverfinu í Chennai, síðan 1995. Nemendur eru í dag um 150, allt börn sem eru úr lægstu stétt þjóðfélagsins, það er hin ósnertanlegu.
- Í Kenýa rekur ABC heimavist í útjaðri Nairóbí og styður 210 börn til náms allt frá leikskólastigi til háskólanáms.
- Í Pakistan tók ABC við rekstri skóla í byrjun árs 2018, þar sem flestir nemendur eru afkomendur og börn svokallaðra „múrsteinapræla“, eða alls 197 börn. Aðkoma ABC hefur gjörbreytt skólastarfinu og lífsgæðum þessara barna að öllu leiti.
- Í Úganda starfar ABC með svipuðu sniði og síðastliðin ár, en þar hefur ABC starfað með “ABC children’s aid Uganda” í 27 ár. Í ABC Uganda skólanum eru um 2.387 börn og styðja Íslendingar um 1260 börn til náms á þremur svæðum, í Kasangati, Kitetika og Rackoko.

Innanlands

Innanlands var breytt snið á forvarnafræðslu Magga Stef. Hún gengur út á að vera með jákvæða forvarnarfræðslu í grunnskólum fyrir nemendur og foreldra en í staðin fyrir að heimsækja skólana, voru settir upp fjarfundir með nemendum og foreldrum. Þetta þótti áhugavert og vel til fundið á tímum Covid-19.

Nytjamaður ABC var rekinn á tveimur stöðum fyrstu 4 mánuði ársins, en vegna ástandsins í Covid-19 var markaðinum í Hafnarfirði lokað í apríl og ekki hægt að opna hann aftur. Markaðurinn að Víkurhvarfi í Kópavogi var hins vegar opinn allt árið, þökk sé frábæru og lausnamiðuðu starfsfólki og sjálfbodaliðum sem unnu ötullega

og af mikilli útsjónarsemi á þessum erfiðu tímum. Þá var sala Nytjamaðsins á þessu einstaka ári 2020, sú mesta frá upphafi verslunarinnar í Víkurhvarfi. Erum við afskaplega þakklát öllum gjöfunum sem við fengum frá heimilum og stofnunum inn á markaðinn til að selja.

Á árinu voru 10 starfsmenn í mismiklu starfshlutfalli hjá ABC á Íslandi. 5 voru á skrifstofu, 5 hjá Nytjamað ABC og einn sem sinnir eftirliti á vettvangi.

Margir sjálfbodaliðar komu að starfi ABC barnahjálpar á árinu og sinntu þeir ýmsum störfum t.d. á Nytjamaörkuðunum og söfnun bauka um allt land.



Vettvangsheimsóknir og gjafir

Bangladess

Ný skólabygging var vígð við hátíðlega athöfn í byrjun árs. Í febrúar hlýddu nemendur Home of Peace á fyrirlestur um rétt þeirra innan þjóðfélagsins. Bæði voru þau frædd um grundvallarmannréttindi svo og réttindi barna. Jafnrétti og réttur til menntunar var á meðal umræðuefna. Nemendurnir fengu einnig fræðslu um mansal, þær ógnir sem af því stafar og hvernig sé hægt að verjast þeim ógnvaldi sem það er. Í Bangladess eru barnahjónabönd því miður allt of algeng og eru sterk tengsl milli mansals og þess að barnungar stúlkur séu þvingaðar í hjónaband. Því er afar brýnt að fræða börn, einkum stúlkur, um mansal og hver réttindi þeirra eru. Skömmu síðar fór Covid-19 að breiðast út um heimsbyggðina og ekki var Bangladess þar undanskilið. Áhrifanna hefur gætt á Home of Peace og skólastarf raskaðist þar eins og annars staðar. Nemendur fengu ítarlega kennslu í handþvotti sem og grímunotkun, til varnar smitum. Heimilinu voru færðar grímur að gjöf frá velunnara þess og tíminn, á meðan skólinn var lokaður út af faraldrinum, var vel nýttur. Nemendur á heimavistinni lærðu á hljóðfæri, sungu og unnu námstengd verkefni, svo eitthvað sé nefnt. Að sjálfsögðu var gætt að sóttvörnum og fjarlægðarmörkum innan heimavistarinnar og skólans. Nemendur hafa þó ekki verið í skólanum seinni hluta ársins heldur dvalið hjá foreldrum sínum og unnið skólaverkefni heima. Starfsfólk skólans hefur einnig unnið ötullega að því að veita nemendum og fjölskyldum þeirra reglulega mataraðstoð á þessum erfiðu tímum.

Amphan, stærsti fellibylur sem hefur myndast við Bengalflóa í rúma tvo áratugi, lagði stór svæði í Bangladess í rúst. Öryggisveggur skólans hrundi að hluta vegna mikils vatnsflaums og óskað var eftir aðstoð til að endurbyggja vegginn sem fyrst og koma skólalóðinni aftur í samt lag. ABC sendi um 800.000 krónur úr neyðarsjóði ABC í þetta verkefni og viðgerð á veggnum var kláruð í október.

Á tímum Covid-19 komu kostir fjarkennslu víða í ljós og þar af leiðandi mikilvægi tölvukennslu fyrir nemendur. Staða tölvuversins í Bangladess var orðin heldur bágborið, tölvurnar voru orðnar gamlar og einungis 3-4 tölvur voru í nothæfu ástandi. Okkur langaði til að bæta úr þessu og ákváðum því að efna til símasöfnunar í lok árs 2020, þar sem hringt var í helstu fyrirtæki landsins og þeim boðið að vera með í þessu verkefni. Það er skemmst frá því að segja að viðtökurnar voru mjög góðar og gekk söfnunin vonum fram. Við náðum settu markmiði 2.000.000 kr. en fyrir upphæðina sem safnaðist var hægt að kaupa 25 tölvur fyrir nemendur og 2 fyrir kennara, þetta mun breyta allri tölvu- og fjarkennslu í skólanum.



Búrkína Fasó

Starfið í Búrkína Fasó gengur vel þrátt fyrir miklar áskoranir á árinu. Þar eins og annars staðar þurfti að aðlaga starfið að þessum fordæmalausum Covid-19 tímum, læra nýja tækni og treysta því góða starfsfólki sem eru á vettvangi. Hinrik kom heim frá Búrkína Fasó í febrúar þegar Covid-19 var að byrja en þau hjónin Hinrik og Gullý hafa stýrt skólanum frá Íslandi og haldið fjarfundi reglulega. Kadi, framkvæmdarstjóri skólans í Búrkína Fasó, heimsótti Ísland í febrúar sem var gott þó að á þeim tíma hafi engum órað fyrir að hún myndi þurfa að axla mun meiri ábyrgð en áður, vegna Covid-19 í fjarveru Hinriks og Gullýar. Hún heimsótti bæði skóla og kirkjur og fundaði með stjórn og starfsfólki ABC á Íslandi. Þetta var mikil upplifun fyrir hana þar sem hún hafði aldrei ferðast utan Afríku áður.

Í fyrstu bylgjunni lokuðu yfirvöld allri skólafsemi frá og með 16. mars en þó gátum við haldið stúlknaheimavistinni gangandi þrátt fyrir lokun. Almenn fræðsla um sóttvarnir og nauðsynlegar hreinlætisaðgerðir var veitt starfsfólki og kennurum ABC skólans, ásamt því að skaffa viðeigandi hlífðarbúnaði sem dró úr smithættu. Í apríl sendi ABC peningaaðstoð til að kaupa matarpakka fyrir fjölskyldur barna sem eru í skólanum.

Skólinn opnaði dyrnar á ný þann 1. júní. Frá þeim tíma og til 22. júlí var prófatörn fyrir eldri nemendur í gangi og hjálpuðust allir kennarar við undirbúninginn. Öryggisgæsla var bætt á svæðinu og nýtt húsnæði fyrir leikskólanemendur var tekið í notkun. Færni kennara og starfsmanna hafa hér mikið að segja, enda var ABC skólinn talinn sá áttundi besti í höfuðborginni Bobo Dioulasso, en alls eru 56 skólar þar viðurkenndir af yfirvöldum. Námsárangur hefur verið í stöðugum vexti en metnaður stjórnar ABC skólans í að ráða hæft fólk er að skila greinilegum árangri. Því miður er brottfall nemenda óhjákvæmilegt sem meðal annars stafar af því að foreldrar taka börnin úr skólanum til að hjálpa meira til heima fyrir. Mikilvægt er að minnast líka á það jákvæða sem átti sér stað í skólanum áður en faraldurinn skaut upp kollinum. En það er lítinn akur þar sem bananar eru ræktaðir og nemendur hafa fengið aðgang að og njóta góðs af, en bananar eru munaðarvara í Búrkína Fasó.

ABC fékk styrk frá Utanríkisráðuneytinu til þess að rafvæða með sólarrafhlöðum heimavistir og ýmis önnur hús sem tengjast starfsemi skólans í Búrkína Fasó. Verkefnið snýst um að rafvæða skólasvæðið, heimavistirnar og ýmiss önnur hús sem tengjast starfseminni, sem stórbætir alla aðstöðu bæði fyrir nemendur og kennara. Stefnt er að því að verkefninu ljúki í apríl 2021

ABC barnahjálpi hlotnaðist arfur á árinu og var ákveðið að nýta hann fyrir starfið í Búrkína Fasó. Annars vegar var ákveðið að kaupa nýjan Toyota Land Cruiser jeppa sem afhentur var í desember og kom í stað þess gamla sem var orðinn 21 árs og ónýtur en hafði þó þjónað skólanum í Bobo dyggilega í 11 ár. Nýji jeppinn mun að sjálfsögðu koma að góðum notum í öllu skólafstarfinu. Hins vegar var ákveðið að kaupa 40 feta gám sem var fylltur af allskonar gjöfum frá einstaklingum og fyrirtækjum. Gámurinn lagði ekki af stað fyrr en í janúar 2021.



Filippseyjar

Covid-19 hafði fljótt áhrif á allt starfið á Filippseyjum, þar sem ABC hóf stuðning við börn árið 1990 í gegnum Children's Mission, en það þurfti að skerða aðgengi að skólunum. Foreldrar og ungmenni fengu nokkrum sinnum fræðslu um Covid-19 og mögulega útbreiðslu vírussins og fengu afhentar hreinlætis- og sóttþreinsivörur. Einnig var matarúthlutun til fjölskyldna í skólunum tvisvar sinnum á árinu, sem innihélt matarþakka og hreinlætisvörur, leiðbeiningar um notkun þeirra og upplýsingar um Covid-19. Mikið var lagt í sóttvarnir og var meðal annars lögreglan viðstödd til að fylgjast með að allt færi rétt fram.

Skólinn hófst að nýju eftir sumarfrí í september en börnin máttu þó ekki mæta í skólann. Hefur kennslan farið fram með þeim hætti að foreldrar mæta í skólann á mánudagsmorgni, fá afhent kennslugögn og um leið leiðbeiningar um hvernig vinna eigi kennsluefnið. Einnig er notast við kennslu í gegnum netið og börnin hittast svo í sínum hverfum og læra saman. Foreldrar skila svo námsefninu aftur í skólann á föstudegi. Það frábæra við þetta fyrirkomulag er að þarna fá margir foreldrar kennslu, sem þeir hafa ekki fengið áður og erum við því að mennta foreldrana í leiðinni.

Nú í haust gengu margir fellibyljir yfir Filippseyjar og urðu þúsundir íbúa á þeim svæðum sem við störfum á, fyrir áhrifum þeirra. Mikil flóð fóru þar yfir og urðu margar fjölskyldur að flýja upp á þak húsa sinna og töpuðu þær margar hverjar öllum sínum eignum.

Samstarfsaðilar okkar í Filippseyjum, CMP, brugðust strax við með því að útvega heitar máltíðir fyrir 502 fjölskyldur, matarþakka sem inni héldu einnig hreinlætisvörur og fatapakka til margra fjölskyldna sem á þurftu að halda. Enn er mikið uppbyggingastarf fyrir höndum og hjálpast allir að við að koma húsnæði í lag og útvega helstu nauðsynjar fyrir þessar fjölskyldur. Þann 11. nóvember fengum við upplýsingar um þá fellibylji og flóð sem gengu yfir svæðið, sem og myndir. Miklar rigningar sem fylgdu í kjölfarið skemmdu mörg hús. Við sendum út pening til að hjálpa 80 fjölskyldum stuðningsbarna okkar.

Þrátt fyrir erfiðar aðstæður hafa börnin staðið sig frábærlega vel í náminu. Bæði starfsfólk og kennarar hafa lagt mikið á sig til að finna nýjar kennsluáferðir sem og hvernig best sé að vera í samskiptum við börnin og foreldra þeirra. Til dæmis héldu börnin upp á "United Nation Day" að heiman frá sér með því að klæða sig upp í þjóðbúninga hinna ýmsu landa. Þau tóku svo myndir eða myndbönd af sér og sendu kennurunum, sem söfnuðu þeim saman og birtu á netinu.

Þakkarbréf til stuðningsaðila skrifuðu börnin að auki heima hjá sér og skiluðu til kennara annaðhvort með námsefninu eða rafrænt. Myndir af flestum börnum skiluðu sér svo til okkar.



Indland

ABC hefur starfað með Evu Alexander og “Comforter Ministries” síðan árið 1995 og reka þau lítinn skóla, en oftast hafa verið um 120-200 nemendur frá leikskólastigi upp í framhaldsskóla. Efnahagur Indlands hefur hríðversnað í kjölfar Covid-19 og efnahagsráðstafanir stjórnvalda koma einna verst niður á börnum sem búa við fátækt. Það er ríkjandi skortur á mat og drykk og aðgengi barna að heilsugæslu og annarri heilbrigðisþjónustu hefur verið skertur svo um munar.

Afleiðingarnar eru meðal annars aukin hætta á barnaþrælkun og ofbeldi, bæði líkamlegu og kynferðislegu. Skyndileg lokun skóla ABC þann 15. mars sl. stöðvaði skólafárið tímabundið. Þessi breytti veruleiki var starfsfólki skólans þungbær, enda erfitt að laga sig að svo breyttum aðstæðum. Foreldrar og forráðamenn barna hafa flest misst lifibrauð sitt og skortur er á daglegu viðurværi. Þar að auki hafa foreldrarnir þungar áhyggjur af menntun barna sinna og framtíð. Á meðan skólinn

var tímabundið lokaður lagði framkvæmdastjórinn aukna áherslu á að viðhalda tengslum við börnin. Starfsfólk skólans útbjó matarpakka handa börnunum og útbýtti verkefnum, með það að markmiði að hjálpa þeim og hvetja til að halda náminu áfram. Þau hafa verið börnunum innan handar og aðstoðað við verkefnið auk þess sem börnunum hefur boðist að koma í litlum hópum í skólann. Þar hafa þau unnið verkefni og fengið að leika sér á leiksvæði skólans en þess er vandlega gætt að halda hópunum fámennum. Allir þessir þættir hafa gert lífið bærilegra hjá börnunum og starfsfólkinu á þessum erfiðu tímum. Skólinn þurfti að gera nokkrar breytingar til að fá leyfi til að opna aftur. Bæta þurfti hreinlætisástöðuna og setja upp sérstakar sprittstöðvar. Fengið var tilboð í það verk og styrkur sendur strax til að greiða framkvæmdirnar. Í framhaldinu gáfu eftirlitsstofnanir skólanum grænt ljós samkvæmt nýjum Covid-viðmiðum.

Í kjölfar flóða sem áttu sér stað á svæðinu í ágúst, veitti ABC styrk úr neyðarsjóði til að bæta vegginn í kringum skólann sem hafði hrunið. Voru þetta nauðsynlegar aðgerðir til að viðhalda öryggi nemenda og starfsfólks. Einnig var fjárfest í tölvu til að auðvelda fjarkennslu og að auki veitti ABC skólanum peningaaðstoð til að kaupa matarpakka fyrir fjölskyldur þeirra barna sem sóttu skólann á árinu. Á Indlandi eins og á fleiri stöðum sem við störfum hafa svo margir misst alla innkomu sína og því eru því mjög illa staddir fjárhagslega. Félagsráðgjafi skólans hefur svo séð um að heimsækja nemendur og fjölskyldur þeirra reglulega til að halda utan um nemendurna.



Kenýa

Í upphafi árs var heimavistin flutt í nýtt og öruggara húsnæði og hófu nemendur nám í nýjum skólum í kjölfarið. Allir menntaskólanemar hófu nám í almennum ríkisskólum sem hafa haft góðan árangur með sína nemendur. Neðri bekkir grunnskólans hófu nám í skóla að nafni Faith Junior Academy með vel menntuðum og góðum kennurum og efri stigin hófu svo nám í Sifa Academy sem einnig er viðurkenndur skóli með góða kennara.

Þegar áhrifa Covid-19 fór að gæta í Kenýa var lokun fljótlega fyrirskipuð. Loka þurfti skólum og nemendur voru sendir heim af heimavist. Fengu þeir kennslubækur og heimaverkefni til að geta haldið áfram námi sínu og var þeim veitt aðstoð eftir þörfum. Þannig gátu elstu nemendurnir undirbúið sig betur fyrir lokaprófin.

Starfsfólk skólans hefur verið í fullu starfi allan tíma og farið í heimsóknir til nemenda til að aðstoða með nám, veita fræðslu um hreinlæti og sóttvarnir og undirbúa þau fyrir komu aftur í skólann. Nemendur hafa fengið góðar leiðbeiningar um handþvott og grímunotkun vegna Covid-19. Meiri hluta barnanna líður vel, en þó nokkrir þeirra hafa veikst og greiddi skólinn fyrir sjúkrahúsvist og lyf. Matargjöfum var útdelt til þeirra sem eru í mestri neyð. Þar að auki veitti ABC þremur fjölskyldum nemenda skólans húsaleigustyrki en þær lentu í því að heimili

þeirra voru eyðilögð, þannig fengu þau öruggt skjól. Tveir nemendur stóðu sig afburðar vel þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Annar nemandinn lauk framhaldsskóla með svo góðar einkunnir að hún komst inn í Háskóla og fékk þar að auki skólstyrk. Hinn nemandinn var að lauk námi með svo góðri frammistöðu þ.e. bæði námslega og sem fyrirmynd annarra, að hann fékk starf hjá skólanum.

Að lokum er gaman að segja frá því að ABC fékk stuðning til að bæta aðstöðuna við heimavistina í Naíróbí. Þessi skemmtilega viðbót við heimavistina hefur bein áhrif á heilsu og lífsgæði barnanna sem búa á heimavistinni ásamt starfsfólkinu. Bætt aðstaða heimilisins í kringum matartíma bætir hreinlæti sem hefur bein áhrif á heilsu. Bætt félagsaðstaða til leikja og náms, t.d. félagslíf skólans um helgar, hefur bein áhrif á líðan og námsárangur barnanna. Ásamt því að vera með betri aðstöðu þegar foreldrar koma að heimsækja börnin á heimavistina.



Pakistan

Skólafarir í Pakistan hefur gengið ágætlega á árinu þrátt fyrir Covid-19 og lokanir skóla. Strax í upphafi faraldursins þegar fyrsta tímabundna lokunin varð í mars fengu foreldrar ítarlegar leiðbeiningar og fræðslu um smitleiðir Covid-19 og alvarleika faraldursins. Allar fjölskyldur fengu einnig matarpakka með sér heim og þar að auki sápu og hreinlætisvörur.

Skólinn opnaði aftur í apríl en skólaárinu lauk í maí. Nemendur sem sköruðu fram úr í námi fengu viðurkenningu og var hátíðarbragur á skólaslitunum. Það er reglulega gaman að greina frá því að þrettán nemendur útskrifuðust úr 10. bekk og þar með fá þau tækifæri til framhaldsmenntunar. Það er nokkuð sem börnum úr „múrsteinsfjölskyldum“ hefur ekki staðið til boða fyrr.

Nýtt skólaár byrjaði síðan aftur í júní og við skólasetninguna fengu allir nemendur skólabúning, skólatösku og námsbækur. Skömmu eftir skólasetningu þurfti að loka öllum skólum vegna heimsfaraldursins og komu nemendur því ekki aftur í skólann fyrr en í lok september. Á þessum tíma var matargjöfum úthlutað þrisvar sinnum og var sá háttur hafður á að foreldrar sem höfðu tök á því, sóttu matarpakka fjölskyldunnar í skólann en í öðrum tilvikum var farið með pakkana heim til fjölskyldanna. Fjármagn var sent út fyrir opnun skólans í september til að undirbúa skólann fyrir komu nemenda og starfsfólks. Meðal annars voru keyptir hitamælar, sótthreinsispritt, sápur og sápu/spritt skammtarar, grímur, hanskar, sótthreinsiklútar og fleira. Allir lögðu sig fram við að fara eftir sóttvarnarreglum – bæði börnin og starfsfólkið

Um haustið fórum við í átaksverkefni í skólanum, fyrir stúlkur á kynþroskaaldri. Brottfall úr námi er hærra á þessum tíma hjá stúlkum. Þær óttast stöðugt um að tíðablóð leki í gegnum fatnað og að þær verði sér þannig til skammar. Þær kjósa því frekar að vera heima hjá sér meðan á blæðingum stendur. Starfskona skólans hittir þessar stúlkur skipulega einu sinni í mánuði og veitir þeim fræðslu og aðstoð. Einnig fá þær ný nærföt og videigandi hreinlætisvörur. Mikil ánægja var með þessa viðbót í skólanum og verður því áhugavert að fylgjast með áhrifum þessa átaks á mætingu og sjálfmynd stúlnanna.

Í nóvember síðastliðnum voru 7 ár síðan skólinn opnaði. Nemendum og foreldrum var boðið á hátíðarstund á skólalóðinni, sem var kærkomin gleðistund eftir erfitt ár.



Úganda


Skólastarf hjá ABC skólunum í Úganda hefur ekki sloppið við neikvæð áhrif Covid-19 faraldursins. Skólum í landinu var lokað þann 23. mars og aðeins hafa elstu nemendurnir fengið að snúa aftur í skólann til að stunda nám. Af þeim sökum hafa starfsmenn brugðið á það ráð að heimsækja nemendur, þar sem því var komið við, með kennslufni til að undirbúa þau til að hefja aftur nám í janúar. Búið er að skipuleggja næsta ár þannig að þau taka tvö skólaár á 18 mánuðum. Þökk sé áframhaldandi fjárstuðningi velunnara ABC, var hægt að ráðast í alls kyns bráðnaðsynlegar framkvæmdir sem ekki hefði verið unnt að fara í ef nemendur hefðu verið í skólanum. Hægt var að hjóla í alls kyns viðgerðir og nauðsynlegt viðhald og er ljóst að skólarnir verða í toppstandi þegar nemendur snúa aftur. Þessar framkvæmdir voru sérlega nauðsynlegar og gleðilegt að hægt var að bjóða kennurum og öðru starfsfólki skólanna vinnu við þær og þannig fengu þau kærkomnar tekjur í þessu erfiða árferði. Meðal framkvæmda í ABC skólunum voru viðgerðir á þökum, endurnýjun á rafmagnsvírum og salerni voru byggð fyrir kennara á sama tíma og viðgerð fór fram á salernum nemenda. Öll birgðarstaða var yfirfarin, borð og stólar lagfærð, kojur teknar í gegn og öryggiskerfi betrubætt. Aðstaða til íþróttaiðkunar hefur einnig verið uppfærð en búið er að girða fótboltavöllinn af og mun væntanleg útleiga á honum færa skólanum tekjur.

Fram að þeim tíma þegar Covid-19 faraldurinn hóf innreið sína gekk allt sinn vanagang. Skráður fjöldi á nemendum fyrir skólaárið er 2.387. Að miklu þurfti að huga og búið var að halda fjölda funda um þær áskoranir sem biðu nýs skólaárs. Búið var að taka rúmlega eitt þúsund myndir af börnum sem eru studd til náms og allar persónuupplýsingar þeirra uppfærðar og sendar stuðningsaðilum. Nokkrir nemendur höfðu ekki skilað sér aftur á skólabekkinn í upphafi nýrrar annar og var hafist handa við að komast að ástæðum þess. Starfsmenn vissu hvar börnin áttu heima og því var hægt að flýta þessu ferli töluvert. Meðan á þessu stóð, hittu starfsmenn nokkra fyrirverandi nemendur sem höfðu áður sýnt framúrskarandi námsárangur, en vegna fjölskyldu aðstæðna gátu þau ekki snúið til baka. Stjórn skólans ákvað að bjóða þeim að halda áfram námi, og ABC styður við þessa nemendur í dag.

Að lokum viljum við minnst Francis Odida sem nú er látinn en hann var annar stofnandi ABC



Uganda. Trudy Odida eiginkona hans starfar enn sem framkvæmdastjóri starfsins. Francis starfaði sem stjórnarformaður ABC Children's Aid Úganda frá stofnun þar til fyrir tveimur árum síðan. Starfið heldur áfram hjá ABC Children's Aid Úganda og erum við þakklát fyrir hans framlag og trúfesti gagnvart börnunum í Úganda. ABC á Íslandi þakkar Francis farsælt samstarf þessi 25 ár sem hann starfaði með ABC. Blessuð sé minning Francis Odida.



Safnanir á árinu

Okkar hefðbundnu safnanir féllu að mestu leyti niður á árinu, eins og „Börn hjálpa börnum“ en nemendur í nokkrum skólum náðu þó að safna 1.324.118 kr. sem var góður árangur miðað við ástandið í þjóðfélaginu, og erum við mjög þakklát fyrir seglu þeirra. Baukasöfnun datt niður um 80% á árinu þar sem uppistaða hennar er ferðaþjónustan og Leifsstöð. Vegna þessa fórum við af stað með tvær símasafnanir á árinu. Önnur fyrir Covid-19 matarpökkum og byggingarframkvæmdum sem við söfnum vanalega fyrir með framlögum úr baukasjóði. Söfnunin gekk vonum framar og söfnuðust um 16.547.318 kr og við gátum stutt alla skólana okkar með auka gjöfum vegna Covid neyðarástöðar til foreldra og forráðamanna barnanna, er mjög stór hópur þeirra missti þá litlu innkomu sem þau annars höfðu fyrir Covid. Seinni símasöfnunin var fyrir tölvukaupum til að setja upp tölvuver fyrir nemendur í Bangladess og Kenýa. Við náðum settu markmiði, eins og kemur fram hér framar í umjölluninni í Bangladess. En á tímum sem þessum hefur þörfin á fjarkennslu, fjarfundum og kennslu á netinu stórukist hjá ABC eins og öðrum félagasamtökum og hjálparsamtökum.

Góðgerðakaffi var haldið á Akureyri í lok febrúar, á meðan heimsókn Kadiar stóð. Markmiðið var að safna 200.000 krónum fyrir nýjum kojum á drengjaheimilið. Því náðum við og rúmlega það, því alls söfnuðust 250.000 krónur. Upphæðin dugar vel fyrir kojunum og þar að auki fyrir launum eins starfsmanns í heilt ár.

ABC hlotnaðist tvisvar sinnum arfur á árinu. Sá fyrri fór óskiptur til starfsins í Búrkína Fasó. Ný bifreið var keypt fyrir starfseminna eins og áður var getið, sem og 40 feta gámur keyptur sem var fylltur með skóla- og íþróttavarni og sendur var til Búrkína í byrjun árs 2021. Sá síðari var notaður til kaupa á hugbúnaði sem heldur utan um öll gögn frá vettvangi til stuðningsaðila ABC.

ABC fékk tvo styrki frá Utanríkisráðuneytinu árið 2020. ABC skólinn í Búrkína Fasó fékk styrk til að kaupa sólarrafhlöður fyrir skólastarfið og til að lýsa upp heimavistirnar við skólann. Heimavistin okkar í Kenýa fékk svo styrk til að setja upp fjölnotahús við hliðina á heimavistinni. Þetta húsnæði stórbætti aðstöðuna fyrir börnin til að borða, læra og leika sér.

Góðgerðafélag Versló safnaði um 500.000 krónum til að innrétta og mála nýju skólabygginguna í Pakistan og var sú vinna kláruð í mars 2021.

Eins og sést á þessari upptalningu hefur margt gerst á þessu óvenjulega ári, sem hefur kallað á mikið skipulag og útsjónarsemi starfsmanna ABC skólanna. Í mínum huga er menntun sterkasta vopnið gegn fátækt, fáfræði og kúgun. Ekki einungis á bókina, heldur er mikilvægt að fræða börn frá unga aldri um sjálfsvirði og mikilvægi einstaklingsins. Það er mikilvægt að hvert barn viti að það búi að hæfileikum, eiginleikum og gjöfum. Menntaður einstaklingur hefur möguleika á



að breyta því lífi sem sá hinn sami er dæmdur til að öðrum kosti. Takk fyrir að taka þátt í þessu mikilvæga starfi sem snýst fyrst og fremst um að veita fátækum börnum menntun og þar með tækifæri til framtíðar.

**Með kveðju og þakklæti,
Laufey Birgisdóttir
framkvæmdastjóri ABC**

Uppgjör sent á vettvang 2020

Uppgjör frá KPMG endurskoðanda

Rekstrartekjur ársins námu 262,1 millj. kr. samanborið við 263,1 millj. kr. á árinu 2019. Framlög til hjálparstarfa skv. skipulagsskrá nema 165,0 millj. kr. miðað við 164,0 millj. kr. á árinu áður. Tekjur ársins umfram gjöld námu 10,1 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Samkvæmt efnahagsreikningi nemur eigið fé 38,1 millj. kr. Í árslok 2020. Heildareignir námu í árslok 43,1 millj. kr.

Samningar við vettvang (skólaverkefni ABC) voru endurnýjaðir í árslok 2020. Áætlað að ABC barnahjálpar taki þátt í átaksverkefni vegna framkvæmda á vettvangi á fyrra hluta ársins 2021. Áætlað er að augin framlög á vegna þessa verði 5,5 millj. kr. sem sent verður á árinu 2021. Núverandi leigusamningur um Nytjamarkað rann út í upphafi árs 2021. Félagið hefur lagt til hliðar 3,0 millj. kr. af rekstarafgangi Nytjamarkaðsins árið 2020 til að mæta kosnaði við flutningsem áætlað að falli til á árinu 2021.

Covid-19 heimsfaraldurinn hafði talsverð áhrif á rekstur félagsins á árinu 2020. Strax í upphafi faraldursins settu stjórn og stjórnendur af stað viðbragðsáætlun þar sem lögð var áhersla á bæði öryggi starfsmanna og rekstursins. Þannig var starfsmönnum félagsins skipt í sóttvarnarhólf, þeim starfsmönnum gefinn kostur á fjavinnu sem höfðu tök á því ásamt ýmsum breytingum á daglegum rekstri. Félagið nýtti sér að litlu leyti úrræði stjórnvalda varðandi hlutabætur í upphafi faraldursins en það hafði veruleg árekstur ársins. Þrátt fyrir samkomutakmarkanir gekk starfsemin vel fyrir sig. Stjórnendur telja að Covid-19 faraldurinn muni ekki hafa veruleg áhrif á rekstur fyrirtækisins til framtíðar.

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er ársreikningur ABC barnahjálpar á Íslandi í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2020 og rekstrarafkomu ABC barnahjálpar á Íslandi og breytingu á handbæru fé á árinu 2020.

Stjórn ABC barnahjálpar á Íslandi hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2020 og staðfest hann með undirritun sinni.

Kópavogur 11, maí 2021

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Við höfum endurskoðað ársreikning ABC barnahjálpar á Íslandi fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Það er okkar álit að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2020 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2020. Í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 11. Maí 2021

KPMG ehf.

Rekstrareikningur ársins 2020

Tekjur	2020	2019
Gjafir og áheiti	139.067.691	147.713.510
Söfnunarfé: Börn hjálpa börnum og baukar	1.324.118	5.857.864
Vörusala nytjamarkaðar	48.935.404	52.877.325
Önnur framlög og símasafnanir	72.809.602	56.693.348
Tekjur samtals	262.136.815	263.142.047
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld (9 stöðugildi 2020)	51.696.231	58.550.966
Sent til hjálparstarfa skv. skipulagsskrá	165.030.184	164.020.124
Annar rekstrarkostnaður	33.449.870	42.726.953
Afskriftir	1.482.174	1.841.093
Gjöld samtals	251.658.459	267.139.136
Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	10.478.356	-3.997.089

Fjármunatekjur- og fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur	47.852	420.107
Vaxtagjöld	(44.643)	(142.798)
Gengismunur	406.107	121.486
Fjárm.liðir samtals	402.898	398.795
Hagnaður ársins	10.075.458	-3.598.294

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir	2020	2019
Hugbúnaður	3.866.421	3.318.368
Bifreið, nytjamarkaður	734.810	1.224.684
Fastafjármunir samtals	4.601.231	4.543.052
Veltufjármunir		
Vörubirgðir	9.100	44.100
Viðskiptakröfur	7.978.530	7.993.010
Aðrar skammtímakröfur	1.459.400	740.805
Óbundnar bankainnistæður	29.055.427	18.720.299
Veltufjármunir samtals	38.502.457	27.498.214
Eignir alls	43.103.688	32.041.266
Eigið fé		
Óráðstafað (ójafnað) eigið fé	38.140.695	28.065.237
Eigið fé samtals	38.140.695	28.065.237
Skammtímaskuldir		
Skuld við lánastofnun	0	748.845
Viðskiptaskuldir	1.341.369	1.304.827
Ógreidd launatengd gjöld	1.821.624	1.922.357
Skuldir samtals	3.162.993	3.976.029
Eigið fé og skuldir alls	43.103.688	32.041.266

Takk fyrir okkur !



TAKK FYRIR AÐ STYÐJA VIÐ STARFSEMI ABC Á ÁRINU 2020

TAKK FYRIR AÐ GEFA FÁTÆKU BARNI KOST Á AÐ GANGA Í SKÓLA OG GEFA ÞVÍ NÝJA VON OG FRAMTÍÐARMÖGULEIKA.

FYLGIST GJARNAN MED OKKUR Á HEIMASÍÐU OKKAR, WWW.ABC.IS
OG Á SAMFÉLAGSMÍÐLUM:

FACEBOOK.COM/ABC.BARNAHJALPIN

INSTAGRAM.COM/ABC.BARNAHJALP/